


Stjórnskipulag HSU

Skipurit Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Greinargerð þessi lýsir stjórnskipuriti Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Á mynd 1 má sjá skipurit stofnunarinnar þar sem starfseminni er skipt upp í fjögur svið: Sjúkrasvið, heilsugæslu- og forvarnasvið, fjármálasvið og mannauðssvið. Mynd 2 greinir frá hvaða starfseiningar stofnunarinnar tilheyra hverju sviði.

Skipuritið gildir frá og með 1. febrúar 2021.



Mynd 1. Hringlaga uppsetning af skipuriti Heilbrigðisstofnunar Suðurlands



Mynd 2. Skipuritið sýnir hvaða starfseiningar tilheyra hverju sviði Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Inngangur

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) sinnir heilbrigðisþjónustu í Suðurlandsumdæmi. HSU var stofnuð 1. október 2014 með sameiningu Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja. Á þeim tíma var gerður þjónustusamningur við Hornafjarðarbæ um rekstur heilbrigðisþjónustu á Höfn. Undir þessum formerkjum tók HSU formlega til starfa 1. janúar 2015. Sameining allra heilbrigðisstofnana í víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins lauk síðan formlega þann 1. maí 2020 þegar rekstur heilbrigðisþjónustunnar á Höfn sameinaðist stofnuninni, að hjúkrunar- og dvalarrýmum undanskildum.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands starfrækir níu heilsugæslustöðvar á tíu starfsstöðvum; í Hveragerði, Þorlákshöfn, Selfossi, Laugarási, Rangárþingi, Vestmannaeyjum, Vík í Mýrdal, Kirkjubæjarklaustri og Höfn í Hornafirði. Einnig eru starfrækt tvö umdæmissjúkrahús, eitt á Selfossi og annað í Vestmannaeyjum. Þá eru á Höfn í Hornafirði rekin sjúkrahús. Að auki eru hjúkrunarrými rekin á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Á Selfossi er opin bráðamóttaka allan sólarhringinn. Á öllum heilsugæslustöðvum HSU er bráðavakt lækni fyrir neyðartilfalli. Þá annast stofnunin alla Sjúkraflutninga á Suðurlandi. Hjá stofnuninni starfa að jafnaði 700 starfsmenn í um það bil 460 stöðugildum.

Hlutverk stofnunarinnar er að leggja grunn að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu og tryggja íbúum í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og öðrum þjónustuþegum á svæðinu, jafnan aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem tók er á að veita í samræmi við heilbrigðisstefnu stjórnvalda. Heilsugæslan veitir öllum heilbrigðisþjónustu. Þar getur almenningur gengið að vísri þjónustu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar, geðheilsu, bráðabjónustu, heilsuverndar og forvarna og fengið ráðgjöf og leiðbeiningar. Einnig fer þar fram móttaka sérfræðinga. Umdæmissjúkrahúsin veita samkvæmt lögum ein og sér eða í samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir almenna sjúkrahúsþjónustu bæði á göngu- og dagdeildum. Á Selfossi og í Vestmannaeyjum er ljósmæðrastýrð fæðingarþjónusta en ljósmæður sinna einnig allri mæðravernd fyrir heilsugæslustöðvar HSU.

Stjórnskipulag HSU á að þjóna starfsemi og verkefnum stofnunarinnar á hverjum tíma þannig að saman fari þjónusta sem að mestu er byggð á gagnreyndri þekkingu og góðri samvinnu, öryggi sjúklinga og rekstrargrundvelli. Stjórnskipulag HSU hefur í grunninn verið byggt á þeim breytingum sem urðu í byrjun árs 2015, þegar formleg sameining Heilbrigðisstofnana á Suðurlandi tók gildi. Frá þeim tíma hefur starfsemin vaxið og þróun þjónustunnar tekið breytingum. Heilbrigðisstofnun Suðurlands verður nú skipt í tvö klínísk svið ásamt fjármálasviði og mannauðssviði. Klínísku sviðin eru sjúkrasvið og heilsugæslu- og forvarnasvið. Framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga geta jafnframt gegnt framkvæmdastjórastöðu klínísku sviðanna.

Markmið skipulagsbreytinganna er að gera framkvæmdastjórn stefnumiðaðri, skýra ábyrgðarsvið og fá betri yfirsýn á þróun heilbrigðisþjónustu ásamt því að stuðla að aukinni samvinnu við aðrar heilbrigðisstofnanir. Breytingarnar eiga jafnframt að samhæfa verkefni í þjónustunni og bæta flæði á milli starfseininga þeirrar starfsemi sem undir framkvæmdastjóra heyra.

Forstjóri

Forstjóri starfar samkvæmt 9.gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 með síðari breytingum. Forstjóri er skipaður af heilbrigðisráðherra til fimm ára í senn og starfar samkvæmt erindisbréfi þar sem lýst er stöðu hans sem embættismanns, hlutverki hans og helstu verkefnum. Forstjóri ber ábyrgð á að stofnun sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Forstjóri ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem stofnunin veitir, að rekstarútgjöld og rekstarafkoma stofnunar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Meginhlutverk forstjóra er að tryggja að á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sé veitt eins góð heilbrigðisþjónusta og framast er unnt. Hann skal vinna að því að heilbrigðisstofnunin reki hlutverk sitt í hvívetna hvað snertir þjónustu, kennslu og rannsóknir.

Helstu verkefni forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands eru:

- Hafa með höndum yfirstjórn framkvæmdastjórnar heilbrigðisstofnunarinnar.
- Gera stjórnskipurit fyrir heilbrigðisstofnunina í samráði við framkvæmdastjórnina og leggja tillögurnar fyrir heilbrigðisráðherra til staðfestingar.
- Gera árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir heilbrigðisstofnunina í samráði við framkvæmdastjórn stofnunarinnar.
- Vinna að langtíma stefnumörkun í samráði við framkvæmdastjórn stofnunarinnar.
- Stjórna daglegum rekstri heilbrigðisstofnunarinnar, ráða starfsmenn og bera ábyrgð á starfsmannahaldi hans.
- Vinna að nýjungum og breytingum í starfsemi heilbrigðisstofnunarinnar til hagsbóta fyrir sjúklinga.
- Stuðla að gæðapróun og árangursmati í starfi heilbrigðisstofnunarinnar.
- Vinna að samhæfingu þjónustupátta.
- Vinna að því að heilbrigðisstofnunin geti mætt þörfum menntastofnana um kennslu og þjálfun nema í heilbrigðisfræðum.
- Efla samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir.
- Vinna önnur verkefni sem heilbrigðisyfirvöld fela forstjóra.

Framkvæmdastjórn

Heilbrigðisráðherra skipar forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, en forstjóri ræður framkvæmdastjórn ef hann ákveður að hafa slíka stjórn starfandi á heilbrigðisstofnuninni. Forstjóri heilbrigðisstofnunar skal í samráði við framkvæmdastjórn sé slík starfandi samkvæmt skipuriti, gera skipurit stofnunar. Skipurit skal kynnt ráðherra áður en það tekur gildi, sbr. 11.gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands er auk forstjóra skipuð af framkvæmdastjóra sjúkrasviðs, framkvæmdastjóra heilsugæslu – og forvarnasviðs, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og mannauðsstjóra. Tveir ofangreindra framkvæmdastjóra geta jafnframt verið framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga. Framkvæmdastjórn stýrir starfsemi og rekstri stofnunarinnar sem heild undir stjórn forstjóra. Framkvæmdastjórn gerir áætlanir um heildarstarfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og samhafir starfsemi og vinnufyrirkomulag milli sviða en framkvæmdastjórar sviða bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á sínu sviði, með þeim takmörkunum sem heilbrigðislög setja. Framkvæmdastjórar sviða bera einnig ábyrgð á mannauðsmálum á sínu sviði. Þá setur framkvæmdastjóri sviðs fram stjórnskipan og skipulag síns sviðs í samráði við forstjóra og aðra framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á gerð stofnanasamninga við stéttarfélög starfsmanna sjúkrahússins í samráði við kjara- og mannauðssýslu ríkisins.

Í framkvæmdastjórn er verkefnum skipt á milli einstakra framkvæmdastjóra skv. starfslýsingum, ábyrgðarsviði og ákvörðun forstjóra. Framkvæmdastjórn deilir ábyrgð og valdi til ákvarðanatöku út til starfseininga stofnunarinnar í samræmi við gildandi stjórnskipulag. Hún leggur áherslu á þverfaglega samvinnu í allri starfseminni. Hún kallar aðra stjórnendur og starfsmenn til setu á framkvæmdastjórnarfundum eftir því sem við á. Framkvæmdastjórn skal leitast við að ná samkomulagi um öll mál sem eru þar til afgreiðslu. Verði ágreiningur eða náist ekki samkomulag ræður atkvæði forstjóra niðurstöðu.

Meðal verkefna framkvæmdastjórnar eru eftirfarandi lögbundin verkefni:

- Áður en forstjóri tekur mikilvægar ákvarðanir er varða þjónustu og rekstur stofnunarinnar skal hann taka mál upp á vettvangi framkvæmdastjórnar og leita ráðgjafar og álits stjórnarmanna.
- Framkvæmdastjórn skal boða til upplýsinga- og samráðsfundar með starfsmönnum eftir þörfum og eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
- Framkvæmdastjórn skal leitast við að upplýsa sveitarstjórnir og notendur þjónustunnar í sínu umdæmi um starfsemi stofnunarinnar og hafa samráð við þá eftir þörfum.
- Sjá um að Heilbrigðisstofnun Suðurlands sinni skyldum sínum varðandi sjúklinga og skjólstaðinga á sem bestan hátt innan þess fjárhagsramma sem stofnuninni er settur.
- Setja fram stefnu og framtíðarsýn fyrir stofnunina og vinna henni framgang.
- Vinna að því að markmiðum um starfsemi sé náð.
- Vinna að fjárhagsáætlun og skipta henni niður á deildir og einstök verkefni.
- Sjá til þess að áætlanir séu haldnar, farið sé að lögum og fyrirmælum stjórnvalda fylgt.
- Sjá til þess að innra eftirlit sé virkt.
- Vinna að gerð ársreiknings og ársskýrslu.
- Skipuleggja og þróa gæðamál.
- Tryggja gott upplýsingaflæði innan stofnunarinnar.

- Sjá um að fram fari úrvinnsla tölulegra upplýsinga um starfsemi, kostnað og tekjur.
- Vinna áætlanir um húsnæði, tæki og öryggismál.
- Sjá til þess að til sé virk mannauðsstefna.
- Sjá til þess að starfsfólk þróist í starfi og skipuleggja símenntun.
- Vinna að samstarfi við aðrar heilbrigðisstofnanir.
- Fjalla um kærur og kvartanir sjúklinga.

Mannauðssvið

Undir mannauðssvið heyrir starfsmannaþjónusta. Sviðið ber ábyrgð á stefnumörkun, samhæfingu og eftirfylgni mannauðsmála á heilbrigðisstofnuninni. Jafnframt framfylgir sviðið stefnu framkvæmdastjórnar í starfsmannamálum á hverjum tíma og skal jöfnum höndum tryggja að starfsmenn sinni skyldum sínum og að gætt sé að réttindum þeirra í hvívetna. Mannauðssvið veitir ráðgjöf og aðstoð í starfsmannamálum, þar á meðal við ráðningaferli, gerð starfslýsinga, árangursmat, starfsmat, starfsþróunarmál starfsmanna og gerð starfsreglna um ýmis framkvæmdatriði í starfsmannamálum. Heilsa og öryggi starfsmanna falla einnig undir mannauðssvið og felur m.a í sér heilsueflingu, viðverustjórnun, öryggi starfsmanna og vinnuvernd.

Mannauðssvið kemur að gerð kjarasamninga eftir atvikum og hefur umsjón með gerð og framkvæmd stofnanasamninga. Mannauðssviðið hefur jafnframt umsjón með launavinnslu. Sviðið er stöðeining innan HSU og vinnur náið með stjórnendum og starfsmönnum stofnunarinnar. Markmið HSU er að vera framúrskarandi og eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsmönnum líður vel í góðu starfsumhverfi.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur hlotið jafnlaunavottun frá 2020-2023.

Mannauðssvið starfar þvert á önnur svið, hefur við þau nána samvinnu og veitir þeim ráðgjöf. Yfirmaður sviðsins er mannauðsstjóri. Næsti yfirmaður hans er forstjóri.

Framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga

Um framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga segir í 10.gr. heilbrigðis laga nr. 40/2007:

„Fagstjórnendur. Á heilbrigðisstofnun skal starfa framkvæmdastjóri lækninga, framkvæmdastjóri hjúkrunar og eftir atvikum aðrir faglegir yfirstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.“

Framkvæmdastjóri lækninga og framkvæmdastjóri hjúkrunar geta jafnframt verið framkvæmdastjórar klínískra sviða inna HSU og heyra beint undir forstjóra og bera ábyrgð gagnvart honum.

Framkvæmdastjóri lækninga ber ábyrgð á lækningum á stofnuninni. Hann styður við fagþróun lækninga og starfsþróun lækna en ber einnig að efla faglega þróun annarra heilbrigðisstétta í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri hjúkrunar ber ábyrgð á hjúkrunarstörfum á stofnuninni. Hann styður við faglega þróun hjúkrunar og starfsþróun hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og sjúkraliða en ber einnig að efla fagleg þróun allra annarra heilbrigðisstétta, í samvinnu við aðra framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar eru faglegir ráðgefendur framkvæmdastjóra klínískra sviða til að tryggja fagleg vinnubrögð gagnvart skjólstæðingum HSU. Framkvæmdastjórar klínískra sviða skulu taka mið af stefnumörkun framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar í þessum efnum.

Yfirmönnum hverrar starfseiningar ber að taka tillit til athugasemda og ábendinga framkvæmdastjóra lækninga og hjúkrunar varðandi öll fagleg málefni, sýn og markmið stofnunarinnar í heild sinni.

Framkvæmdastjóri hjúkrunar er tengiliður við aðrar heilbrigðisstofnanir og aðra starfsemi um málefni er tengjast hjúkrun. Framkvæmdastjóri lækninga er tengiliður við aðrar heilbrigðisstofnanir og aðra starfsemi um málefni er tengjast lækningum. Þá bera framkvæmdastjóri hjúkrunar og lækninga ábyrgð á að mynda stýrihóp gæða og öryggis sem hefur umsjón með gæða- og öryggisstjórnun stofnunarinnar út frá faglegum sjónarmiðum.

Fjármálasvið

Fjármálasvið hefur umsjón með fjármálum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Í því felst m.a. að sjá um fjárstýringu og fjárheimildir stofnunarinnar, færa gjalda- og tekjubókhald og innheimta kröfur. Fjármálasvið sér einnig um reikningshald, gerir mánaðaruppgjör og semur ársreikning. Fjárhagsáætlun og eftirfylgni hennar ásamt útkomuspá og ýmiss konar rekstrargreiningum eru á ábyrgð sviðsins. Sviðið annast söfnun, úrvinnslu og miðlun klínískra og fjárhagslegra upplýsinga. Útboð, samningagerð, innkaup og vörustýring eru meðal hlutverka sviðsins ásamt öryggismálum.

Undir fjármálasvið heyrir skrifstofa fjármála, innkaupadeild, upplýsingatækni og húsumsjón. Fjármálasvið starfar þvert á önnur svið, hefur við þau nána samvinnu og veitir þeim ráðgjöf. Yfirmaður sviðsins er framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Næsti yfirmaður hans er forstjóri.

Klínísk svið

Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands eru tvö klínísk svið, sjúkrasvið og heilsugæslu- og forvarnasvið. Tilgangur klínískra sviða er að efla þjónustu við sjúklinga og skapa umgjörð um frekari þróun í heilbrigðisþjónustu innan Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Undir sjúkrasvið fellur bráðþjónusta, lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta, meðgöngu, fæðingar-, og ungbarnþjónusta, sérfræði- og göngudeildarþjónusta, rannsóknþjónusta og lyfþjónusta. Undir heilsugæslu- og forvarnasvið fellur heilsugæsluþjónusta, forvarna- og heilsueflandi þjónusta, geðþjónusta, öldrunarþjónusta, mötuneytisþjónusta og sjúkraflutningaþjónusta.

Framkvæmdastjórar klínískra sviða geta jafnframt verið framkvæmdastjórar hjúkrunar og lækninga og heyra beint undir forstjóra og bera ábyrgð gagnvart honum. Þeir sitja í framkvæmdastjórn, bera ábyrgð á að móta sýn og markmið faglegra málefna er varða meðferð sjúklinga og faglegra þróun heilbrigðisstarfsmanna.

Framkvæmdastjórar sviða bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á sínu sviði, með þeim takmörkunum sem heilbrigðislög setja, og bera ábyrgð á mannauðsmálum, sbr. ábyrgðarlýsingu þeirra.

Framkvæmdastjórum klínískra sviða ber að taka tillit til athugasemda og ábendinga framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar varðandi öll fagleg málefni.

Fagráð

Forstjóri skipar þverfaglegt fagráð sem í sitja fastráðnir heilbrigðisstarfsmenn HSU. Forstjóri leitar álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag heilbrigðisstofnunarinnar en er þó ekki bundinn af álitinu.

Fagráð skal kjósa sér formann og annan til vara. Fagráð skal setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra. Formaður skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga- og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skipun í fagráð er tímabundin til þriggja ára.

Stjórnskipulag þetta gildir frá og með 1. febrúar 2021 og hefur verið kynnt heilbrigðisráðherra, sbr. 11.gr. laga um heilbrigðisþjónustu.